



Alþingi  
Erindi nr. Þ 128/650  
komudagur 12.12.2002

11. desember 2002  
Dags. yðar: 27. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana, 350. mál


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir, 350. mál, færsla skráningar, breyting ýmissa laga.


Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um fyrirtækjaskrá og er tilgangur þess að færa skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaganna, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé liður í framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst var í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun og felst í að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja um leið hagskýrslugerð með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyra hagskýrslugerðinni beinlínis lengur.

Samkvæmt frumvarpinu fer fjármálaráðherra framvegis með mál er varða nefndar félagaskrár og starfrækir ríkisskattstjóri þær í stað Hagstofu Íslands. Aðrar breytingar er ekki að finna í frumvarpinu.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið, enda hluti af stærri breytingum sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Birgir Ísl. Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

  
Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS